

VILJI TIL VAXTAR

IÐNÞING 4. MARS 2010

Iðnaðarráðherra, alþingismenn, aðrir góðir gestir!

Brýnasta verkefnið á Íslandi næstu 10 árin er að skapa 35.000 ný störf. Það þarf að gerast hratt og örugglega því annars mun okkur ekki takast að endurreisa íslenskt efnahagslíf og íslenskt þjóðlíf.

Verkefnið er að skapa 35.000 ný störf úti í atvinnulífinu – í raunverulegri framleiðslu, þjónustu, verðmætasköpun og gjaldeyrisöflun. Með fullri virðingu fyrir starfsemi hins opinbera, þá er alveg ljóst að endurreisnin snýst ekki um fjölgun opinberra starfsmanna. Hún snýst um fjölgun á almennum vinnumarkaði.

Eftir langt hlé horfast Íslendingar nú í augu við bölg atvinnuleysis sem margar nágrannþjóða okkar hafa mátt glíma við í áratugi. Atvinnuleysið fer illa í Íslendinga. Við erum vinnusöm þjóð og njótum okkar best ef við höfum mikið fyrir stafni. Við viljum vinna. Við viljum skapa verðmæti og bjarga verðmætum. Þess vegna þurfum við að ráða niðurlögum atvinnuleysis fúmlaust þannig að hér þurfi ekki að alast upp ný kynslóð fólks sem fær ekki verk við hæfi.

Nú eru 15.000 manns á atvinnuleysissskrá. Gert er ráð fyrir allt að 2.000 manns árlega til viðbótar inn á vinnumarkaðinn næstu árin. Þannig þurfum við 25.000

ný störf á næstu 5 árum og 35.000 á næstu 10 árum til að mæta þessari áætluðu aukningu og eyða atvinnuleysinu. Hvar ætlum við að skapa þessi störf?

Samtök iðnaðarins hafa trú á því að þetta sé hægt og að íslenskur iðnaður muni gegna þar lykilhlutverki. Iðnaður á Íslandi skapar nú um fjórðung landsframleiðslunnar, veitir um 20% launþega í landinu atvinnu og leggur til um 40% af gjaldeyristekjum þjóðarinnar. Engu að síður væntum við þess að geta gert enn betur í hinni breiðu og afar fjölbreyttu flóru stórra og smárra fyrirtækja.

Til þess að það geti gengið eftir þarf margt að breytast í umhverfi okkar. Ekki síst það að nú verði almennt farið að taka réttar ákvarðanir í stað allra þeirra röngu sem hafa verið teknar á undanförnum misserum.

TEKIST Á UM HAGVÖXT

Við höfum vilja til vaxtar. Við getum endurreist íslenskt atvinnulíf á fáeinum árum og eytt atvinnuleysinu ef almennur skilningur fæst á því að sú endurreisn á sér ekki stað nema með viðvarandi hagvexti. Við viljum hagvöxt.

Ástæða þess að svo illa gengur að endurreisa efnahag Íslendinga er einkum sú að það eru hér áhrifamikil öfl sem virðast vera á móti hagvexti og beita afli sínu gegn endurreisn atvinnulífsins vegna þess að þau telja að hag landsmanna verði betur borgið í framtíðinni án hagvaxtar. Þau telja að mannlífið verði betra án hans.

Þetta er vitanlega sjónarmið út af fyrir sig. Það hefur löngum verið tekist á um kosti og galla hagvaxtar og pólitísk átök um hagvöxt farið fram í heiminum um árabil. Þessi átök standa nú yfir á Íslandi.

En við aðhyllumst þetta sjónarmið ekki. Við teljum að unnt sé að endurreisa efnahag landsins býsna hratt ef nægur stuðningur ráðandi afla fæst við skynsamlega hagvaxtastefnu sem hrint yrði í framkvæmd hið fyrsta án þess að gengið væri á svig við eðlilega náttúruverndarstefnu. Unnt er að nefna fjölda

tækifæra og verðmætaskapandi verkefna í iðnaði og öðrum atvinnugreinum sem geta lagt grunn að þeim hagvexti sem þarf til að lyfta okkur aftur upp í líf skjörum og kveða atvinnuleysið niður.

En það þarf fleira að koma til. Áður en endurreisn efnahagslífsins getur átt sér stað – þarf endurreisn hugarfarsins meðal Íslendinga. En það er ekki einfalt eða auðvelt verkefni. Engu að síður óhjákvæmilegt ef ekki á illa að fara.

PÓLÍTÍSK KREPPA

Öllum er ljóst að Íslendingar urðu fyrir gríðarlegu áfalli. Um það er ekki deilt. Fyrst gekk gjaldeyriskreppa yfir þjóðina, þá bankakreppa og loks kreppa. Í stað þess að nýta tímann markvisst og vinna sig með sameiginlegu átaki út úr kreppunni, þá var dýrmætum mánuðum eytt í marklítið stjórnmalakarp sem nú birtist okkur í pólitískri kreppu ofan á allt hitt sem við er að fást.

Það átti auðvitað að semja pólitískt vopnahlé þannig að allir gætu tekið höndum saman um að greiða úr hinum mikla vanda. Það hefði átt að koma á þjóðstjórn. Ég er enn þeirrar skoðunar að þjóðstjórn sé nú heppilegasta leiðin. Hvað gera þjóðir sem lenda í stríði? Þær víkja öllu til hliðar og fást við þá þjóðarvá sem stríðsrekstur er. Hrunið á Íslandi jafnast á við stríðsástand og kallar á úrræði til samræmis. Ég kenni engum stjórnmalaflokki umfram annan um það að ekki hefur verið efnt til þjóðstjórnar. Og vissulega hefur samstarf núverandi stjórnar og stjórnarandstöðu við lausn Icesavemálsins að undanfögnu gefið von um að þverpólitísk samstaða sé hagsmunum þjóðarinnar til framdráttar.

Hinn almenna borgara vantar leiðsögn. Fólk hefur ekki getað lyft séu upp úr farvegi vonbrigða og vonleysis eftir það sem gerðist. Okkur hefur skort leiðtoga, sem geta gefið raunhæfa von.

Niðurrifsöflin blómstra. Neikvæð umræða einkennir fjölmiðla, svonefnda bloggheima, álitsgjafa og sérfræðinga – jafnt raunverulega, tilbúna og

sjálfskipaða. Það er því miður frjór jarðvegur fyrir neikvæðni, hefnigirni, reiði og hatur sem alið er á af miklum móð.

HÖLDUM Í RÉTTARRÍKIÐ

Ljóst er að margt fór úrskeiðis í aðdraganda hrunsins og flest bendir til þess að ýmsir hafi brugðist og að lögbrot hafi verið framin. Því miður eru allt of margir tilbúnir að kveða upp áfellsdóma yfir mönnum án dóms og laga. Við höfum talið okkur búa í réttarríki hingað til. Reynum sem lengst að halda í það. Ég tel að þar til bær yfirvöld eigi að fást við það sem kann að hafa verið gert rangt. Ég vil ekki fela alþingi götunnar það verk. Látum réttkjörnum yfirvöldum eftir að rannsaka og dæma í þessum málum. Það er í þeirra verkahring!

Íslendingar eru að skemma gríðarlega fyrir sér með neikvæðni og beinlínis hatursfullri afstöðu til manna og málefna. Þetta er hættulegt og við verðum að hafa vilja og þrek til að rífa okkur upp úr þessu ástandi því annars mun okkur ekkert miða við endurreisn samfélagsins. Ef ekki tekst að hraða mjög endurreisn atvinnulífsins og tryggja aukna verðmætasköpun með stöðugum hagvexti þá missum við grundvöllinn undan því öflugra velferðar- og menntakerfi sem allir eru sammála um að sé lykill að eftirsóknarverðu þjóðlífi.

Við þurfum sem þjóð að vinna bug á reiðinni og hatrinu. Þau afvegaleiða og skila engu þegar upp er staðið. Hatrið étur innan frá og reiðin er vondur verkstjóri.

Ég hrökk við þegar ég las nýlega bók um frú Vigdísí Finnbogadóttur, fyrrum forseta Íslands, þar sem m.a. var fjallað um andrúmsloftið í Frakklandi eftir stríð þegar hún kom þangað til náms ung kona árið 1949. Um þetta segir í bókinni:

„Ástandið í Frakklandi var afar einkennilegt á þessum árum. Franska þjóðin var í sárum bæði efnahagslega og andlega. Haustið 1949 voru einungis fjögur ár liðin frá lokum stríðsins mikla sem farið hafði hroðalega með land og þjóð.

Þjóðverjar hernámu landið, sem kunnugt er, og stýrðu því á stríðsárunum með hjálp Vichy-stjórnarinnar frönsku og reyndu með ýmsum hætti að knésetja

þjóðina, ekki síst andlega. Eftirköstin voru í algleymingi þegar Vigdís settist þar að, erfiður tími uppgjors og ásakana. Tekist var á um erfiðar og áleitnar spurningar sem gengu afar nærri fjölskyldum, vinum og vandamönnum og ollu miklum sársauka. Gekk þeim gott eitt til sem störfuðu með þjóðverjum? Hver á að vera þeirra réttláta refsing? Á að ganga fast að hinum seku? Hefði verið hægt að koma í veg fyrir mannfall og limlestingar? Andrúmsloftið mótaðist af því að þjóðin var klofin í hina sakbitnu og ákærendur.“

Já, klofin í hina sakbitnu og ákærendur! Eitthvað hljómar þetta kunnuglega úr þrúgandi umræðu síðustu mánaða og missera á Íslandi þar sem bankar hrundu illu heilli – þó enginn hafi ennþá látið lífið sem betur fer.

Það er mikilvægt að við Íslendingar látum ekki stjórnast þannig af úrtölum og niðurrifi að sálarlíf okkar sem þjóðar verði eins og þeirra þjóða sem gengið hafa í gegnum mannfall og þjáningar stórstyrjalda.

En þá megum við ekki láta hina reiðu og hatursfullu leiða þjóðfélagsumræðuna.

Sumir líta á hatrið sem hreyfiafl. Ég vitna í sögufræga ræðu:

„Ef þjóð á að verða frjáls þarfnast hún stolts og viljastyrks, ögrunar og haturs, haturs og enn og aftur haturs.“

Þessi harðneskjulegu orð eru úr ræðu Hitlers þann 10. apríl 1923 í München.

LEIÐ VERÐMÆTASKÖPUNAR

Góðir fundarmenn!

Samtök iðnaðarins hafa eindregið hvatt til þess að LEIÐ VERÐMÆTASKÖPUNAR sé rétta leiðin út úr efnahagsvanda Íslendinga. Við erum mótfallin skattahækkunarleiðinni. Við teljum að umtalsverðar skattahækkanir, eins og nú hefur verið gripið til, geri ekki annað en að dýpka kreppuna. Það er verið að skattleggja samfélagið niður. Okkur er fjárhagsvandi ríkissjóðs og sveitarfélaga

að sjálfsögðu ljós. En við teljum að leysa eigi fjárhagsvanda þeirra með því að breikka skattstofnana með aukinni atvinnu og með öflugri hvatningu til fjárfestinga í atvinnulífinu. Það er hreinræktuð kreppustefna að eyða orkunni í að takast á um endalausan niðurskurð og skattahækkanir í stað þess að laða að atvinnulífinu alla skynsamlega og arðsama fjárfestingu sem völ er á.

Framganga stjórnvalda hefur hins vegar verið þannig að hún hræðir erlenda fjárfesta frá þegar við þurfum mest á þeim að halda. Ítrekaðir tafaleikir umhverfisráðherra, m.a. vegna synjunar á staðfestingum í tengslum við virkjun neðri hluta Þjórsár og áður vegna svonefndrar suðvesturlínu á Reykjanesi, eru alvarleg dæmi um það. Hér er verið að knýja fram pólitíska stefnu sem gengur gegn hagsmunum þjóðarinnar og leiðir af sér minni hagvöxt en ella, meira atvinnuleysi, minni kaupmátt og verri stöðu ríkissjóðs og sveitarfélaga til að verja velferðar-og menntkerfin í landinu.

Formaður Samorku sagði á aðalfundi fyrir skömmu að það væri fullkomlega óábyrgt að halda ekki áfram virkjun jarðhita og fallvatna, til raforkuframleiðslu fyrir orkufrek iðjuver, nú þegar þörf er á að auka gjaldeyristekjur og atvinnu.

Hann nefndi einnig að fjármögnun framkvæmda væri nú mjög erfið fyrir okkur Íslendinga og nauðsynlegt að fá erlenda fjárfesta að framkvæmdum á orkusviði.

Síðan sagði formaðurinn orðrétt:

„Slíkir fjárfestar eru til en ég óttast að þeim fari fækkandi vegna þess að þær móttökur sem þeir fá á æðstu stöðum eru oftast ekki til þess fallnar að fæla fjárfesta frá landinu. Sama má segja um ráðstafanir eins og þá að skattleggja raforkunotkun með beinum hætti og að úrskurða á æðstu stöðum um aukið eða samþætt umhverfismat og fleira því tengt án þess að til þess standi lagaleg skylda. Erlend fjárfesting er líklega mikilvægari nú en nokkru sinni fyrir íslenskt atvinnulíf. Við hljótum að gera þá kröfu til stjórnvalda að þau vinni með atvinnulífinu á þessu sviði, en ekki gegn því.“

Ég tek heilshugar undir orð formanns Samorku.

ORKAN GEGNIR LYKILHLUTVERKI VIÐ ENDURREISNINA

Skjót og skynsamleg nýting orkuauðlindanna, auk allra þeirra tækifæra sem unnt er að nýta með markvissum hætti, mun ráða úrslitum um endurreisn efnahagslífs Íslendinga.

Tækifærin eru mikil og þau liggja á mörgum sviðum. Við núverandi ástand er margháttaður seinagangur grátlegur. Það verður að ryðja hindrunum markvisst úr vegi og hraða framvindu mála.

Þetta höfðu forsvarsmenn atvinnulífsins einmitt í huga við gerð Stöðugleikasáttmálans margumtalaða þann 25. júní í fyrra. En sáttmálinn var milli ríkisstjórnar Íslands (allrar ríkisstjórnarinnar!), verkalýðshreyfingarinnar og Samtaka atvinnuveitenda.

Um framkvæmdir til að stuðla að aukinni atvinnu sagði orðrétt í sáttmálanum:

„Ríkisstjórnin mun greiða götu þegar ákveðinna stórframkvæmda, sbr. Þjóðhagsáætlun, svo sem framkvæmda vegna álvera í Helguvík og Straumsvík. Undirbúningsvinnu verði hraðað vegna áforma sem tengjast fjárfestingu í meðalstórum iðnaðarkostum, svo sem gagnaverum og kísilflöguframleiðslu. Kappkostað verður að engar hindranir verði af hálfu stjórnvalda í vegi slíkra framkvæmda eftir 1. nóvember 2009.“

Það er engin tilviljun að mikil áhersla var lögð á það í Stöðugleikasáttmálanum að tryggja framgang þessara tilteknu verkefna í stjórnkerfinu vegna þess að ákvarðanir um þau höfðu verið teknar, undirbúningur vegna þeirra var komin langt og öllum var ljóst að þær myndu hafa skjótvirk og jákvæð áhrif á hið annars dapurlega atvinnuástand í landinu strax og hindrunum yrði rutt úr vegi. Undir þetta rituðu forsætisráðherra og fjármálaráðherra – væntanlega í góðri trú, beinlínis með það að markmiði að standa við samninginn. Þrátt fyrir það stendur stjórnkerfið enn í vegi – fjórum mánuðum síðar.

Þó svo ég geri tafir kerfisins vegna þessara tveggja álvera að umtalsefni hér, þarf enginn að skilja orð mín þannig að Samtök iðnaðarins sjái ekkert annað en álver

Þegar kemur að tækifærum á sviði orkunýtingar og iðnaðaruppbyggingar. Við hvetjum til skjótra og atvinnuskapandi framkvæmda við umrædd álver en við höfum einnig mikla trú á fjölda annarra hugmynda. Þar má nefna gagnaver, ylræktarver, kísilflöguframleiðslu, metanolframleiðslu, sólarkísilverksmiðju, koltrefjaframleiðslu og kísilmálmverksmiðju svo eitthvað sé nefnt en þessir stóriðjukostir krefjast allir mun minni orku en álver.

Um það er ekki deilt að skiptar skoðanir eru um það hvernig við Íslendingar eigum að nýta þá orku sem er og verður til ráðstöfunar. Það er einnig alveg ljóst að mjög skiptar skoðanir eru um það hvaða vatnsafl og jarðhita við höfum tiltæk fyrir orkuframleiðsluna. Sumar skýrslur sýna að tækifærin séu nær endalaus á meðan aðrir telja að farið sé að þrengja að okkur á þessum sviðum. Líklegt er að raunveruleikinn liggi þarna einhversstaðar á milli og víst er að beðið er með eftirvæntingu eftir niðurstöðum úr svonefndri Rammaáætlun 2 sem von er á. Það þarf einnig að auðvelda upplýsingaöflun með því að efla orkurannsóknir og einfalda leyfisveitingaferli vegna þeirra.

Íslendingar eru með á hendi tvo bestu kostina í orkuheiminum – jarðhita og vatnsafl – hreina, endurnýjanlega og fremur ódýra kosti í sterkri samkeppnisstöðu við umdeilda olíu, gas og kjarnorku, ekki síst út frá umhverfissjónarmiðum og einnig góða samkeppnisstöðu gagnvart öðrum hreinum orkukostum, sem eru dýrari og óáreiðanlegri en jarðhiti og vatnsafl.

Okkur ber skylda til að nýta orkuauðlindir þjóðarinnar af skynsemi og yfirvegun þar sem þess er gætt að langtímahagsmunum sé ekki fórnað fyrir skemmri tíma hagsmuni og við verðum að tryggja að næg orka sé til reiðu fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi, smáa og stóra, jafnt í iðnaði sem öðrum atvinnugreinum.

Við verðum að ganga fuðlaust til verka. Stóráttak á sviði orkunýtingar er lykillinn að endurreisn Íslands.

LÍFEYRISSJÓÐIR KOMI AÐ FJÁRMÖGNUN ORKUGREINARINNAR

Miklir erfiðleikar hafa verið varðandi fjármögnun íslensku orkufyrirtækjanna eftir að kreppan skall á.

Vonandi rofar sem fyrst til í þessum efnum en mér finnst fyllilega koma til greina að lífeyrissjóðir landsmanna komi myndarlega að fjármögnunarverkefnum á þessu sviði. Því ekki? Lífeyrissjóðirnir eru öflugir og þá skortir fjárfestingartækifæri nú um stundir. Þeir verða ávallt að gera ríkar kröfur um öryggi fjárfestinga sinna og viðunandi ávöxtun. Af þeim tveimur meginþáttum geta þeir ekki gefið neinn afslátt eins og flestir hljóta að skilja.

Full ástæða er til að skoða með faglegum hætti og af fullri yfirvegum hvort íslenskir lífeyrissjóðir geti ekki gegnt lykilhlutverki við fjármögnun orkufyrirtækjanna á næstunni og ýtt þannig undir öfluga og hraða framvindu á þessu sviði. Gæti það jafnt gilt um lánsfjármögnun og eiginfjárfátttöku að uppfylltum eðlilegum skilyrðum.

Fyrir liggur að þessi mál eru þegar komin til skoðunar milli aðila og vonandi leiða slíkar athuganir til farsælla lykta fyrir jafnt orkufyrirtækin og lífeyrissjóðina.

ÞRÁTT FYRIR ALLT ERU MIKIL TÆKIFÆRI

Góðir fundarmenn!

Ef okkur tekst að komast upp úr hjólfari kreppunnar blasa tækifærin hvarvetna við okkur Íslendingum. En við þurfum að komast af stað, hætta að verja tíma okkar illa og taka réttar ákvarðanir í stað hinna röngu.

Til viðbótar við þau margháttuðu tækifæri sem orkuauðlindin gefur okkur er gríðarlega sterk undiralda í nýsköpun, hátækni, hönnun og sprotafyrirtækjum. Tækni-og hátæknifyrirtæki nýta nú aukið svigrúm og eiga betra með að laða til sín menntað og hæft fólk á öllum sviðum. Greinar sem féllu í skuggann af

bönkunum á blómatíma þeirra eru nú að fá sitt tækifæri. Hátt menntunarstig þjóðarinnar mun ráða miklu um endurreisnina.

Í mótbyr hugsar fólk með öðrum hætti. Menn þurfa að bjarga sér og leggja sig meira fram. Við slíkar aðstæður verða til nýjar hugmyndir, nýjar lausnir. Ég leyfi mér að spá því að seiglan í eðli Íslendinga mun leiða af sér marga mikilvæga fumkvöðla sem spretta upp úr þeim einkennilega jarðvegi sem nú blasir við. Til verður fjöldi nýrra starfa með þeim hætti. En það tekur langan tíma og því þarf að blanda saman hefðbundnum lausnum og nýjum til að ná þeim háleitu markmiðum að skapa 35.000 störf á næstu 10 árum.

Hefðbundnar atvinnugreinar eins og sjávarútvegur, landbúnaður, iðnaður og ferðaþjónustan munu enn um sinn leggja okkur til bróðurpart gjaldeyrstekna þjóðarinnar og svo munu ný tækifæri, smá og stór, bætast þar við og styrkja heildarmyndina.

Tækifærin eru allt í kringum okkur. Gamlar og nýjar stoðir atvinnulífsins geta skilað okkur uppgangi að nýju. Við erum þrátt fyrir allt svo vel sett að eiga ómetanlegar auðlindir í orku, vatni, fiskimiðum, landinu sjálfu – og ekki síst vel menntaðri þjóð sem býr yfir þeim einkennum að vilja vinna, vilja bjarga verðmætum og vilja ná settu marki.

Góðir fundarmenn!

Við verðum að leysa þessa krafta úr læðingi. Við verðum að rjúfa þá kyrrstöðu sem nú ríkir. Við verðum að rjúfa þann vítahring sem Íslendingar hafa komið sér í með allt of mörgum röngum ákvörðunum og ómarkvissri stefnu eftir þá örlagaríku atburði sem dundu hér yfir árið 2008.

Burt með gjaldeyrishöftin, áfram niður með vaxtastigið, lækkum skatta að nýju, nýtum vel það umsóknarferli að ESB sem nú er hafið, komum gjaldmiðlamálum Íslendinga í viðunandi farveg, vinnum á verðbólgunni og tryggjum stöðugleika. Þá styrkist krónan og við það batna líf skjörin.

Við verðum að vona að Icesave-draugurinn verði senn kveðinn niður. Komum okkur úr hlekkjum hugarfarsins og þá mun margt fara samtímis að snúast landsmönnum í hag.

Almenn skynsemi segir okkur að ekki sé eftir neinu að bíða að hefja endurreisnina og nýta þau tækifæri sem við höfum. Samt er hikað. Hver er skýringin þegar almenn skynsemi segir okkur að grípa tækifærin og ganga fuðlaust til verka.

E.t.v. er almenn skynsemi ekki nógu almenn á Íslandi.

Það er búið að tala nóg. Það er búið að deila nóg. Nú þarf að ná samstöðu um verðmætasköpun - fólki og fyrirtækjum til hagsbóta.

Hagvöxtur er lykilorðið í endurreisn Íslands.

Höfum við vilja til vaxtar? Svarið er JÁ.

Vilji er allt sem þarf!

Takk fyrir.